

Silungur ehf.
Jónatan Þórðarson
Vatnsleysa
190 Vogar

2000100068
2506; 9310

Reykjavík, 5. febrúar 2001
/ÞFP

Efni: Matskylda, sjókvíaeldi Silungs ehf. í Stakksfirði út af Vogastapa

Vísað er til erindis Silungs ehf., dags. 18. október 2000 og viðbótargagna dags. 1. nóvember 2000 þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhuguð stækkun á sjókvíaeldi á laxi, úr 1000 tonnum í 6500 tonn á ári, í suðaustanverðum Stakksfirði, út af Vogastapa, skuli háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og g-lið 1. tl. 2. viðauka sömu laga.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vatnsleysustrandarhrepps, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Álit bárust frá Vatnsleysustrandarhreppi með bréfi dags. 30. nóvember 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 27. nóvember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 29. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. nóvember 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 24. nóvember 2000. Frekari upplýsingar og svör við álitum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. janúar 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum Silungs ehf. kemur fram að ráðgert er að auka framleiðslu í sjókvíum fyrirtækisins í um 6500 tonn en fyrir liggur rekstrarleyfi til eldis á íslenskum laxastofni af norskum uppruna til 1. maí 2002 og starfsleyfi er heimilar allt að 1000 tonna ársframleiðslu til sama tíma. Núverandi rekstur er skiptiöldi og fyrirhuguð stækkun er það einnig samkvæmt tilkynningu Silungs ehf. frá 18. október 2000. Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila, dags. 16. janúar 2001, er tekið fram að sótt hafi verið um heilsársleyfi, þ.e. starfsleyfi til eldis allt árið. Framkvæmdaraðili telur að

rök fyrir því að heilsárseldi sé umhverfinu ekki hættulegra en eldi sem takmarkast við tímabilið apríl-desember séu þau að ölduhæð sé ekki hærra að vori en að hausti. Auk þess telur framkvæmdaraðili afsetningarmöguleika fyrirtækis sem getur alið lax allt árið margfalda á við möguleika fyrirtækis með takmarkað leyfi.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila, dags. 29. janúar 2001, er vísað til skilgreiningar á skiptiendi í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum sem felur í sér eldi á laxi í strandeldi upp í 500-1000 grömm og framhaldseldi í sjó upp í markaðsstærð.

Smálaxar, 0,5 -1,5 kg, til sleppingar í sjókvíar verða fengnir úr strandeldisstöð fyrirtækisins. Fyrirhugað er að staðsetja eldiskvíar á sama stað og núverandi kvíar eru, um 700 m frá landi á um 30 m sjávardýpi, út af Vogastapa.

Gert er ráð fyrir að á árinu 2001 verði notaðar hringlaga, tæplega 1000 m² kvíar með 15 m djúpum nótum. Þegar trygg leyfi fást verði að öllum líkindum notaðar stálkvíar "Katamaran" með 12 búrum, þar sem hvert búr er 25 x 25 m og þau öll samtals 7500 m². Gert er ráð fyrir að fóðurbúnaður verði eins sjálfvirkur og kostur er og að slátrun geti verið með sama hætti og nú er, það er kvíar dregnar inn í Helguvík og fiskurinn tekinn úr þeim þar.

Framkvæmdaraðili bendir á að á Reykjanesskaga sé vindasamt og því miklar líkur á að fóðurleifar og saur rótist upp annað slagið. Því verði að teljast miklar líkur á nægilegri dreifingu og þynningu næringarefna frá kvíunum þannig að ekki verði alvarleg röskun á botndýralífi. Telja verði svæðið síður viðkvæmt samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, þar sem um sé að ræða opinn flóa þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er gerð nokkur grein fyrir lífríki fjarðarins, fuglum, botndýrum og fiskveiðum.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að Sæbýli ehf. rekur strandeldi með sæeyra í tæplega 4 km fjarlægð en eldisvökvi þar sé tekinn úr borholu. Næstu laxveiðiár séu Elliðaár í um það bil 50 km strandleið og Ölfusá í meira en 50 km strandleið og báðar árnar séu langt utan fjarlægðarmarka reglugerða.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps telur að samkvæmt framlögðum gögnum sé um lítið umhverfisrásk að ræða og því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar er sú að lífríki Stakksfjarðar og starfsemi annarra fyrirtækja virðist lítil hætta stafa af fyrirhuguðu kvíaeldi á laxi undir Vogastapa og því ekki ástæða til að fram fari mat á umhverfisáhrifum á umræddri starfsemi.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að stofnunin hafi margoft bent á nauðsyn þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum þegar fyrirhugað sé sjókvíaeldi og nota eigi norskan eldislax. Jafnframt sé ekki lokið neinni stefnumótun í þessum málum á landsvísu.

Vísað er í fyrri umsagnir stofnunarinnar um sjókvíaeldi og mælt með því að sjókvíaeldi Silfurlax ehf. verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á umhverfisáhrifum af eldi norskættaðs lax sé aðeins hægt að gera á tvennan hátt það er með því að notast við líffræðileg rök eða með lifandi mati eins og gert hafi verið hjá Silungi ehf.

Veiðimálastjóri bendir á að nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að skoða sambýli villtra laxastofna og eldisstofna, hafi sett fram þá skoðun að ekki skuli heimila frekara eldi við Faxaflóa fyrr en lokið sé tilraun Silungs ehf. í Stakksvík. Í ljósi þessa sé einstaklega mikilvægt að vel sé staðið að mati á umhverfisáhrifum og vöktunarránsóknum á þessum stað og þær skili þeim upplýsingum sem nauðsynlegar séu til að taka ákvarðanir um frekara eldi á þessu svæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nú þegar liggja fyrir niðurstöður um líffræðilega eiginleika þess stofns sem unnið er með og samspil hans við náttúrufar svæðisins. Þær gefi skýrar vísbendingar um rekstrarforsendur kvíaeldis og ekkert bendi til annars en að verkefnið gefi góð fyrirheit um ábatasama starfsemi og gjaldeyrisöflun. Framkvæmdaraðili telur að ekki séu nein rök til fyrir því að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, umfram það sem nú er í gangi samkvæmt skilmálum núverandi leyfis. Spurningum um mengun og genaflókt sé svarað og engin líkindi eða vísindaleg rök liggja fyrir sem frekara mat á umhverfisáhrifum svári. Bent er á að skilgreina þurfi hvað felist í mati á umhverfisáhrifum og leita upplýsinga um hvernig að hliðstæðum málum sé staðið t.d. í Noregi. Með því að krefjast mats á umhverfisáhrifum á fyrirhugaðri starfsemi, sem yrði mjög tímakrefjandi, sé verið að valda fyrirtækinu óbætanlegu tjóni.

Erfðafræðileg og sjúkdómstengd áhrif og áhrif af völdum sníkjudýra

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að ef nætur í kvíum rifni sleppi lax af norskum uppruna í sjó og líklegt sé að hann leiti upp í nærliggjandi ár til að hrygna. Bent er á í þessu sambandi að þegar lax verður kynþroska leitar hann upp í ár en þessi laxastofn verði kynþroska mjög seint og nái því ekki að verða kynþroska á hinum venjulega eldisferli. Þannig muni lax sem sleppur úr kví ekki leita upp í straumvatn sama ár og hann sleppur heldur verði hann að leita sér fæðu í hafinu þar til kynþroska hefur verið náð eftir 1-3 ár. Á þessum tíma megi búast við talsverðum afföllum og ekki sé líklegt að allir eftirlifandi fiskar finni leið heim að kví þegar kynþroska hefur verið náð eða rati í nærliggjandi ár. Líkur á skaðlegri erfðablöndun verði því að teljast litlar. Samkvæmt reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, skuli vegalengd milli sjókvíastöðvar og laxveiðiár með yfir 500 laxa meðalveiði vera a.m.k. 15 km. Næstu laxveiðiár séu Elliðaár með ársmeðalveiði síðustu tíu ár sem nemur 1021 laxi og í um 40 km fjarlægð frá kvíaeldi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þó að sú staða kæmi upp að mikið magn af laxi slyppi úr kvíum og einhverjir fiskar skili sér í næstu laxveiðiár eins og Elliðaár, Korpu og Laxá í Kjós, þá sé ógætilegt að tala um skaðlega erfðablöndun, af tvennum orsökum. Í fyrsta lagi hafi hvergi verið sannað að skaðleg erfðablöndun hafi átt sér stað. Í öðru lagi verði að taka til þess að engin þessara áa geti talist hafa sjálfbæran

náttúrulegan laxastofn. Um áratugaskeið hafi verið sleppt seiðum í stórum stíl í þær. Einnig verði að taka tillit til að byggð, landbúnaður og ofveiði þrengi að þessum ám, þannig að ef ræktunarstarf verði ekki eftir muni ekki verða um að ræða laxastofn í þeim eftir um 20 ár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að í nágrenni löndunum hafi oft gengið illa að hafa hemil á laxalús í laxeldi og því hafi verið haldið fram að laxalús hafi borist frá eldisfiski í villta laxfiskastofna og valdið tjóni, m.a. á Írlandi. Þar sé um heilsárseldi að ræða og geti lúsin lifað allt árið á laxi í kvíunum. Við fyrirhugað skiptiæði sé laxinn fyrst alinn í kerjum á landi (strandeldi) þar til ákveðinni stærð sé náð (um 500 g) áður en hann er settur í sjókvíar. Hægt sé að útiloka lúsarsmit í strandeldi og skemmri dvöl laxins í sjó dragi úr líkum á lúsafaraldri.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í sjókvíum Silungs ehf. hafi greinst fiskilús, en ekki laxalús. Komið sé á markað nýtt lúsalyf "Slice", sem geri úrelta alla umræðu um lúsavandamál á eldisfiski. Minnt er á að samkvæmt dýralækni fisksjúkdóma berist smit frá villifiski til eldisfiska, en ekki öfugt.

Veiðimálastjóri bendir á að þótt þegar sé hafin rannsókn og vöktun á starfsemi Silungs í Stakksvík telji hann að það eigi ótvírætt að framkvæma formlegt mat á umhverfisáhrifum í tengslum við þessa starfsemi sem taki til samantektar á erlendum upplýsingum, fars villtra laxa og þeirra sem úr kvíum sleppi auk náttúrufars og umhverfisþátta á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirliggjandi gögn séu umfangsmikil með tilliti til mats á umhverfisáhrifum. Frekari söfnun upplýsinga réttlæti ekki kröfu um mat á umhverfisáhrifum á rekstri. Varðandi strok laxa á níunda áratugnum hafi verið um að ræða íslenskan kynþroska smálax sem sótti beint upp í fyrstu ferskvatnslind. Öðru máli gegnu um þann stofn sem notaður sé samanber umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Gönguleiðir laxa um Faxaflóa hafi verið kannaðar nokkuð og er bent á rannsóknir gerðar af Veiðimálastofnun vegna hafbeitarstarfsemi Vogalax í Vogum. Framkvæmdaraðili fullyrðir að ekki hafi sést lax í göngu hvorki í útfalli Lindarlax stöðvarinnar á Vatnsleysu né á strandlengjunni út í Keflavík, eftir að hafbeitarstarfsemi þar hætti.

Mengun frá lífrænum úrgangi og áhrif á lífríki Stakksfjarðar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að við framleiðslu á 6500 tonnum af laxi á ári fari mikið magn af lífrænum úrgangi út í umhverfið, sem fódurleifar, saur og þvag. Þessi auðgun geti valdið breytingum á tegundasamsetningu gróðurs og smádýralífs í nágrenni kvía. Gert sé ráð fyrir að kvíar verði staðsettar í sunnanverðum firðinum um 2 km frá fjarðarbotni þar sem dýpi er um 30 m. Aðalstraurinn liggja með ströndinni í norðaustur með Vatnsleysuströnd og Stakksfjörður sé mjög víður og opinn og því megi reikna með miklum vatnsskiptum. Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, verði Stakksfjörður því að flokkast sem síður viðkvæmt svæði. Á Reykjanesskaga sé mjög vindasamt og því miklar líkur á að fódurleifar og annar úrgangur rötist upp annað slagið. Tæming kvía í nokkra mánuði á ári stuðli enn frekar að hreinsun undir þeim en ekki sé hægt að útiloka staðbundna uppsöfnun fódurleifa sem geti valdið súrefnisskortri í botnseti. Það verði því að teljast

litlar líkur á því að lífrænn úrgangur frá stöðinni komi til með að valda víðtækum skaða á lífríki fjarðarins. Stofnunin telur mjög litlar líkur á að fyrirhugað eldi valdi skaða á villtum nytjastofnum í sjó.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji mestar líkur á að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Ennfremur að ef upp komi staðbundin vandamál vegna næringarsalta og lífræns úrgangs eigi að vera hægt að færa kvíar um set og því sé jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Stofnunin geri ekki kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar kvíaeldis á þessu svæði sem skilgreina megi sem síður viðkvæmt, enda sé gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili leggi fram gögn sem sýna niðurstöður eftirlits árið 2002, þegar núverandi leyfi rennur út.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til skýrslu Hafrannsóknarstofnunarinnar um náttúruvar svæðisins.

Áhrif á aðra landnotkun

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar er bent á að fyrirtækið Sæbýli ehf. stundi strandeldi á sæeyrum og sandhverfu í Vogum í um 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu eldi í Stakksfirði. Sjávarstraumur liggi frá kvíaeldinu í átt að strandeldinu en starfsemi Sæbýlis ætti ekki að stafa hætta af því þar sem sjóinntakið sé í borholu. Samkvæmt reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, skuli vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis ekki vera minni en 2 km.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að Suðurland ásamt Faxaflóa og Breiðafjarðarsvæðinu sé gjöfulasta laxveiðisvæði landsins og þar séu veiddir um 20,000 laxar á stöng, eða um 75 % af landsveiði. Fyrir Reykjanes virðist einnig ganga mikill fjöldi laxa á leið í heimaá við Faxaflóa. Svæðið gæti því verið einstaklega viðkvæmt gagnvart starfsemi á sviði fiskeldis. Þar hafi orðið vart við verulegt magn af flökkulaxi úr kvíum, þegar uppbygging var á slíku fiskeldi við Faxaflóa um 1985. Því þurfi að meta alla þætti gaumgæfilega áður en kvíaeldi verður heimilað á svæðinu og sennilega að friða hluta svæðisins í samræmi við 3. mgr. 15. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að stofnunin telji eðlilegt að fyrirtækið leggi fram gögn um að stækkun stöðvarinnar hafi ekki áhrif á aðra starfsemi á svæðinu eða leggi á þær takmarkandi byrðar umfram það sem nú sé og sem taka þurfi tillit til við gerð nýs starfsleyfis.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að ekki er um mengandi áhrif að ræða á aðra starfsemi þar sem Sæbýli dæli eldislegi sínum úr borholu, en ekki frá opnu hafi.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að með sama áframhaldi verði búið að koma upp sjókvíaeldi hringinn í kringum Ísland, þar sem það sé hægt, án þess að nokkuð samkomulag hafi náðst milli mismunandi hagsmuna hvaða nafni sem þeir nefnist. Mat á umhverfisáhrifum hafi ekki farið fram og engin víska sé um að íslensk lög leyfi

ótakmarkað eldi með norskan eldislax.

Sammögnuð áhrif

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er vakin athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins, þar sem sérstaklega verði tekið tillit til hugsanlegra áhrifa erfðablöndunar eldislax við villtan lax.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í gögnum framkvæmdaraðila sé t.d. bæði talað um Íslandslax og Silung ehf. og þar sem báðar stöðvar séu væntanlega með norskan eldislax á sama svæði sé brýn nauðsyn til að meta áhrif þess á umhverfið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Silungur ehf. hefur tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugað sjókvíaeldi í sauðastanverðum Stakksfirði út af Vogastapa í Vatnsleysustrandarhreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða skiptiöldi þar sem eldi í sjókvíum geti farið fram allt árið. Fyrirhugað sé að ala allt að 6,500 tonn á ári af norskættuðum laxi og fellur framkvæmdin undir lið 1. g. í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Við umfjöllun málsins hafa komið fram rökstuddar ábendingar um að stærð, staðsetning og eðli fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Stakksfirði og hugsanleg áhrif þess kalli á að gerð sé ítarleg grein fyrir mögulegum neikvæðum áhrifum á villtan lax og náttúrufar á svæðinu, sem mikilvægt sé að vel sé staðið að í tengslum við tímabundið tilrauneldi Silungs ehf. í Stakksfirði. Einnig hefur verið bent á að gera þurfi grein fyrir hvort og þá hvernig samspil þessarar framkvæmdar og annars fyrirhugaðs eldis í Stakksfirði kann að verða. Þar er vísað til tilkynningar Íslandslax hf. um sjókvíaeldi í Stakksfirði og strandeldis á sæeyrum á vegum Sæbýlis ehf. og hvort framkvæmdin setji þeirri starfsemi takmarkanir svo sem vegna sjúkdóma og úrgangsmýndunar.

Í umfjöllun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi af norskum uppruna hefur ítrekað verið bent á takmarkaðar upplýsingar og reynslu af áhrifum þess að lax sleppi úr kvíum á búsvæði, sjúkdóma, sníkjudýr og erfðablöndun í villtum laxa- og silungastofnum. Veiðimálastjóri og Hafrannsóknastofnunin hafa bent á mikilvægi þess að fylgjast náið með þessum þáttum í tilraunaeldi og með vöktun. Bent hefur verið á nauðsyn þess að heildstæð úttekt og stefnumörkun af hálfu stjórnvalda um sjókvíaeldi liggi fyrir, þar sem m.a. sé tekin afstaða til staðarvals og tekið tillit til hugsanlegrar erfðablöndunar eldislax við villtan lax.

Fram hefur komið að frá miðju ári 2000 hefur sjókvíaeldi á allt að 700 tonnum af íslenskum eldislaxi af norskum uppruna verið stundað á vegum Silungs ehf. í Stakksfirði út af Vogastapa. Ennfremur hefur komið fram að stöðin hafi rekstrarleyfi veiðimálastjóra til 1. maí 2002. Lagðar hafa verið fram niðurstöður rannsókna dýralæknis fisksjúkdóma sem sýna fram á heilbrigði lax í kvíunum um miðjan desember 2000 og yfirlýsing kafara um að á botni undir kvíunum hafi ekki fundist set sem rekja meigi til fóðrunar eða úrgangs frá fiski. Hins vegar liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar að öðru leyti um niðurstöður eftirlits og vöktunar.

Skipulagsstofnun felst ekki á að fyrirbyggjandi gögn um áhrif fyrirhugaðs laxeldis á lífríki séu tæmandi, svo sem framkvæmdaraðili heldur fram.

Skipulagsstofnun telur að þar sem fram fari rannsóknir og vöktun við tímabundið tilraunaeldi Silungs ehf. í Stakksvík beri að nýta niðurstöður þeirra við mat á umhverfisáhrifum komi til frekara eldis í framhaldi af tilrauninni. Einnig þurfi að byggja ákvörðun um frekara eldi á gögnum sem veiðimálastjóri bendir á að afla þurfi svo sem samantekt á erlendum upplýsingum um far villtra laxa og þeirra sem úr kvíum sleppa auk áhrifa á villta laxastofna, náttúrufar og umhverfisþætti á svæðinu. Vakin er athygli á að veiðimálastjóri bendir á að nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að skoða sambýli villtra laxastofna og eldisstofna, telji að ekki skuli heimila frekara eldi við Faxaflóa fyrr en lokið sé tilraun Silungs ehf. í Stakksvík. Einnig er tekið undir það álit veiðimálastjóra að í ljósi þessa sé einstaklega mikilvægt að vel sé staðið að mati á umhverfisáhrifum og vöktunarrannsóknum á þessum stað og þær skili þeim upplýsingum sem nauðsynlegar séu til að taka ákvarðanir um frekara eldi á þessu svæði. Skipulagsstofnun telur að varúðarsjónarmið hljóti að veða þungt þegar álitamál eru uppi um áhrif framkvæmdar eins og stækkun sjókvíaeldis í Stakksfirði á umhverfið.

Mati á umhverfisáhrifum er meðal annars ætlað að tryggja að þar sem líkur eru taldar á að framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif séu tekin saman gögn um fyrirhugaða framkvæmd, framkvæmdasvæði og áhrifasvæði framkvæmdar og lýst væntanlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með samanburði kosta og/eða umfjöllun um sammögnuð áhrif þegar við á. Mati á umhverfisáhrifum er einnig ætlað að tryggja fullnægjandi kynningu og samráð við undirbúning ákvarðana um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Mati á umhverfisáhrifum er síðan ætlað að leiða í ljós þær forsendur og skilyrði sem leyfi til framkvæmda þurfa að byggja á svo tryggja megi að framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Varðandi skipulagslegar ákvarðanir og skipulagslega málsmeðferð fyrirhugaðs sjókvíaeldis vekur Skipulagsstofnun athygli á því að þar sem framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlaga er hún hvorki háð skipulagsákvörðunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. erindi félagsmálaráðuneytis til umhverfisráðuneytis dags. 19. október 2000. Sveitarstjórn getur því ekki tekið á ásynð framkvæmdarinnar eða samspili hennar við aðra landnotkun á svæðinu í skipulagsáætlun eða framkvæmdaleyfi, né heldur er þá tryggð opinber kynning á framkvæmdaáformunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila um fyrirhugað sjókvíaeldi á laxi undan Vogastapa í Stakksfirði. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og þeim umsögnum sem Skipulagsstofnun hafa borist við afgreiðslu málsins er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Með vísan til 3. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum varðar það sérstaklega stærð, staðsetningu og umfang

framkvæmdarinnar, sammögnunaráhrif hennar með öðrum framkvæmdum, slyshættu ef kvíar rifna, áhrif á aðra landnotkun, áhrif á kjörlendi laxa, umfang umhverfisáhrifa, fjölbreytileika áhrifa, tímalengd og óafturkræfi áhrifa og sammögnun áhrifa á tilteknu svæði.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. mars 2001.

Stefán Thors

Hólfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafrannsóknastofnunin, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.